

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Fundargerð aðalfundar nr. 137



Fundur haldinn 5. mars 2026 kl. 17:00 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík, og í fjarfundarbúnaði.

Mætt í Hús atvinnulífsins: Bryndís G. Róbertsdóttir, Lísanna Libungan, Margrét Rósa Jochumsdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir og Sveinn Kári Valdimarsson.

Mætt á fjarfund: Guðrún Óskarsdóttir, Kolbrún Sverrisdóttir og Róbert Ívar Arnarsson.

Forföll boðuð: María Helga Guðmundsdóttir.

Fundarstjóri: Lísanna Libungan

Fundarritari: Sveinn Kári Valdimarsson

Fundur er settur kl. 17:05.

1. Tilnefning fundarstjóra og fundarritara

Formaður HÍN, Lísanna Libungan setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hún bað um tillögur að fundarstjóra og var hún kjörin í það embætti. Sveinn Kári Valdimarsson var svo valinn sem fundarritari. Bæði voru samþykkt samhljóða.

Engar athugasemdir eru við lögmati fundar og fundarboðs.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti skýrslu stjórnar sem var óvenju stutt þar sem síðasti aðalfundur var haldinn 27. nóvember 2025. Skýrsla fylgir með sem viðauki.

3. Skýrsla stjórnar

Bryndís G. Róbertsdóttir kynnti hjálagðan ársreikning félagsins fyrir árið 2025. Bryndís er fyrrum gjaldkeri félagsins en var gjaldkeri meirihluta síðasta árs, eða þar til ný stjórn tók við í nóvember 2025.

Rekstrartekjur félagsins voru 9.104.888 kr. og minnkuðu um u.þ.b. 280.000 milli ára, mestmegnis vegna lægri rekstrarstyrks frá umhverfisráðuneytinu og lítilsháttar lækkunar á félagsgjöldum, en á móti vó gjöf til félagsins frá ævifélaga og styrkur frá Alta ehf. Gjöld félagsins á árinu 2024 voru alls 9.581.992 krónur og varð því tap án fjármagnsliða 447.104 krónur. Langstærstur hluti rekstrartekna félagsins fer í útgáfu Náttúrufræðingsins og hefur kostnaður við útgáfuna aukist umtalsvert undanfarin ár án þess að tekjur aukist nægjanlega á móti. Taprekstur varð á félaginu þriðja árið í röð.

Umræður urðu um liði er varða hýsingu vefsíðna og geymslu gagna, ákveðið að skoða hvort hægt sé að einfalda og fækka hýsingaraðilum og kanna áskrift að Google-svæði.

Ársreikningur er borinn undir atkvæði. Reikningurinn er samþykktur samhljóða. Ársreikningur fylgir með sem viðauki.

4. Kjör formanns

Lísa Anne Libungan er áfram formaður en hún gaf kost á sér sem formaður til tveggja ára á síðasta aðalfundi.

5. Kjör þriggja stjórnarmeðlima

Í stjórn félagsins fyrir aðalfund sitja sex stjórnarmeðlimir:

Ólafur Patrick Ólafsson, María Helga Guðmundsdóttir og Sveinn Kári Valdimarsson voru kjörin í stjórn til tveggja ára árið 2025 og sitja því áfram.

Guðrún Óskarsdóttir, Kolbrún Sverrisdóttir og Róbert Ívar Arnarsson gefa kost sér til tveggja ára og var kjör þeirra er einróma samþykkt.

6. Kjör skoðunarmanna reikninga

Sölvi Rúnar Vignisson gefur kost á sér sem skoðunarmenn reikninga en eftir er að finna annan skoðunarmann auk varamanna.

7. Kjör formanns Flóruvina

Guðrún Óskarsdóttir gefur kost á sér sem formaður faghóps Flóruvina. Hún er einróma kjörin.

8. Önnur mál

Lísa opnaði á umræðu um Náttúrufræðinginn. Nauðsynlegt að endurskoða rekstrarformið og afla frekari fjármuna.

Rætt um að fleiri stofnanir komi að útgáfu blaðsins og hafa umræður við t.d. Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknastofnun og Veðurstofu Íslands þegar hafist.

Auglýsingar í blaðið voru ræddar og voru fundarmenn sammála um að það mætti skoða með réttum og viðeigandi aðilum.

Tímasetning innheimtu félagsgjalda var rædd og tillaga kom fram um að félagsgjöld verði innheimt mun fyrir á árinu en nú er gert. Tillagan ekki borin undir atkvæði en samþykkt að fela stjórn að skoði þetta nánar.

Fundi var slitið kl. 18:50.